

T-(538|725)-MALV, Málvinnsla Orðræða og tilvísanaráðning

Hrafn Loftsson¹ Hannes Högni Vilhjálmsson¹

¹Tölvunarfræðideild, Háskólinn í Reykjavík

Október 2007

- 1 Orðræðugreining
- 2 Orðræðulíkan og tilvísunarráðning

1 Orðræðugreining

2 Orðræðulíkan og tilvísunarráðning

Orðræðugreining (e. Discourse Analysis)

- Málfræði skoðar hið formfasta í máli.
- Orðræðugreining kannar hvernig málið er (mis)notað.

Í hvað er mál notað?

Notkun máls skiptist gróflega í tvo flokka:

- Til að miðla upplýsingum
Kallað: Transactional / Propositional / Referential / Ideational / Descriptive
- Til að sinna félagslegu hlutverki
Kallað: Interactional / Relational / Emotive / Interpersonal / Social-Expressive

Orðræðugreining (e. Discourse Analysis)

- Málfræði skoðar hið formfasta í máli.
- Orðræðugreining kannar hvernig málið er (mis)notað.

Í hvað er mál notað?

Notkun máls skiptist gróflega í tvo flokka:

- Til að miðla upplýsingum
Kallað: Transactional / Propositional / Referential / Ideational / Descriptive
- Til að sinna félagslegu hlutverki
Kallað: Interactional / Relational / Emotive / Interpersonal / Social-Expressive

Miðlun upplýsinga (e. Transactional Use)

- Er miðlun upplýsinga mikilvægasta notkunin?
- Framleiðandi kýs að lýsa staðreynd eða skoðun.
- Framleiðandi lýsir því sem hann vill að viðtakandi framkvæmi.
- Menningu er viðhaldið með þessum hætti. Við nýtum okkur fyrri þekkingu.

Upplýsingamál (e. Transactional Languages)

Ef mál er fyrst og fremst notað til upplýsingamiðlunar, er talað um sérstaka tegund máls: *Upplýsingamál*. Þar er fyrst og fremst hugað að skilvirkum upplýsingaflutningi:

Miðlun upplýsinga (e. Transactional Use)

- Er miðlun upplýsinga mikilvægasta notkunin?
- Framleiðandi kýs að lýsa staðreynd eða skoðun.
- Framleiðandi lýsir því sem hann vill að viðtakandi framkvæmi.
- Menningu er viðhaldið með þessum hætti. Við nýtum okkur fyrri þekkingu.

Upplýsingamál (e. Transactional Languages)

Ef mál er fyrst og fremst notað til upplýsingamiðlunar, er talað um sérstaka tegund máls: *Upplýsingamál*. Þar er fyrst og fremst hugað að skilvirkum upplýsingaflutningi:

Upplýsingamál: Dæmi

- Lýsing á rétttri notkun lyfja
- Tryggingaskilmálar
- Samanburður á vörum í neytendablaði
- Vísindagreinar
- Fréttir

Félagslegu hlutverki sinnt (e. Interactional Use)

- Hefðbundin málvísindi skoða þessa tegund minna en upplýsingamál.
- Félagsfræðin og málfélagsfræði (e. sociolinguistics) skoða m.a. hvernig mál er notað til að hefja, viðhalda og ljúka félagslegum samskiptum. T.d. er innihaldslaust spjall oft notað í þessum tilgangi (e. phatic use of language or small talk).
- Samræðugreining (e. conversational analysis) tekur að auki sérstaklega á togstreitu um hlutverk þáttakenda, samkennd, mælendaskiptum og því að halda andliti (e. saving face).
- Það er ljóst að mikill hluti daglegra samskipta fer fram á félagslegum nótum.

Félagslegu hlutverki sinnt: Dæmi

- A: "Blessaður" B: "Blessuð!"
- A: "Heyrðu..." B: "Já?"
- A: "Það er kalt í dag!" B: "Jújú" (kuldinn augljós)
- A: "...hann er ansi góður." B: "Já, hann er ansi góður"
- Þetta kemur ekki bara fram í tali, heldur einnig rituðum miðlum s.s. bloggi, bréfum, skeytum og auglýsingum.

Orðræðumarkmið og orðræðuáhöld (e. Discourse Functions and Devices)

Þegar talað er um að mál sé notað í einhverjum tilgangi, hvort sem hann er upplýsingalegur eða félagslegur, þá er mikilvægt að gera greinamun á

- *orðræðumarkmiði* (e. Discourse Function) sem fólk vill ná og
- hverskyns *orðræðuáhold* (e. Discourse Device) innan málsins er notað til að á því markmiði.

Dæmi um markmið og áhöld

- "Appelsín er gott, en malt er betra"
(Markmið: samanburður, áhöld: samtenging og miðstig)
- "En semsagt, þetta fór allt vel"
(Markmið: ljúka sögu, áhöld: orðræðumerki)

Mynstur frekar en reglur

- Í heimi málfræðinnar er málinu lýst með málfræðireglum sem eru alltaf sannar fyrir viðkomandi mál. Eitt mótdæmi getur þurkað út reglu.
- Orðræðugreining lýsir því hvaða málvísindalegu, eða jafnvel atferlislegu, áhöld eru notuð til að ná samskiptamarkmiðum.
- Tengsl milli markmiða og áhalda er sjaldnast hægt að lýsa með reglum, heldur er oftast um að ræða mynstur sem virðast koma fram í vel skilgreindu umhverfi með marktækinni tíðni.

Mynstur frekar en reglur (framhald)

- Umhverfið hefur mikil og síbreytileg áhrif á málnotkunina.
- Útkoman er því nokkurskonar verkfærakassi til að skoða og skilja orðræðu, frekar en lögmál í ætt við þyngdarlögmálið.

"sentence-as-object" sjónarhornið

Málfræðin skoðar oftast "réttar setningar" sem eru til án tiltekina framleiðanda. Ekki er spurt til hvers setningin er notuð. Chomsky sagði að til að komast að rótum málsins þyrfti að svara "...what [language] is, not how or for what purpose it is used".

"text-as-product" sjónarhornið

Þótt málvísindin viðurkenni að samfella (e. cohesion) í texta verði til vegna þess að framleiðendur eru að gera viðtakendum auðvelt að skilja hann, þá eru orðin sjálf skoðuð án tillits til samskiptaferlisins.

"sentence-as-object" sjónarhornið

Málfræðin skoðar oftast "réttar setningar" sem eru til án tiltekina framleiðanda. Ekki er spurt til hvers setningin er notuð. Chomsky sagði að til að komast að rótum málsins þyrfti að svara "...what [language] is, not how or for what purpose it is used".

"text-as-product" sjónarhornið

Þótt málvísindin viðurkenni að samfella (e. cohesion) í texta verði til vegna þess að framleiðendur eru að gera viðtakendum auðvelt að skilja hann, þá eru orðin sjálf skoðuð án tillits til samskiptaferlisins.

"discourse-as-process" sjónarhornið

Útvíkkaðasta myndin felur í sér að skoða hvernig aðstæður og þarfir tiltekins viðtakanda hafa áhrif á það hvernig framleiðandi skipuleggur orðræðu sína, og svo hvernig tekst til hjá viðtakanda að túlka orðin. Textinn er því orðinn hluti af virku ferli en ekki bara safn setninga eða orða.

Grice heilræðin (e. Gricean Maxims)

Þessi *heilræði* eru það sem viðtakandi gerir ráð fyrir að framleiðandi texta hafi í huga og túlkar því textann útfrá því.

- **Sannleikur**

Ekki segja ósatt. Ekki segja eitthvað að óathuguðu máli.

- **Upplýsingar**

Deildu þeim upplýsingum sem þörf er á, en engum óþarfa.

- **Gildi**

Segðu hluti sem skipta máli.

- **Skýrleiki**

Forðastu flækju og margræðni. Hafðu málið stutt og laggott.

Grice heilræðin: Túlkun

Sú túlkun texta sem bendir til þess að framleiðandi fylgi heilræðunum er líklegasta túlkunin. Því er vert að skoða málið vel þegar heilræðunum virðist vera hnekt.

Dæmi

- A: "Hversvegna fór kjúklingurinn yfir götuna?" (!sannleikur)
- A: "Hvað heitir þú?", B: "Jón, eiginmaður Gunnu" (!upplýsingar)
- A: "Kemurðu í kvöld?", B: "Það er próf á morgun" (!gildi)
- A: "Þetta var finnr matur, mjög finnr matur!" (!skýrleiki)

Grice heilræðin: Túlkun

Sú túlkun texta sem bendir til þess að framleiðandi fylgi heilræðunum er líklegasta túlkunin. Því er vert að skoða málið vel þegar heilræðunum virðist vera hnekt.

Dæmi

- A: "Hversvegna fór kjúklingurinn yfir götuna?" (!sannleikur)
- A: "Hvað heitir þú?", B: "Jón, eiginmaður Gunnu" (!upplýsingar)
- A: "Kemurðu í kvöld?", B: "Það er próf á morgun" (!gildi)
- A: "Þetta var fínn matur, mjög finn matur!" (!skýrleiki)

1 Orðræðugreining

2 Orðræðulíkan og tilvísunarráðning

Orðræðusamhengi (e. Discourse Context)

Við túlkum alla merkingu í einhverju samhengi. Strangt til tekið nær þetta samhengi yfir alla okkar tilvist fram að þeim tímapuntki sem við túlkum textann. Til einföldunar má skipta því í þrjá flokka.

- **Pekking** (e. Cognitive Context)

Hvað er almennt vitað um hluti í heiminum? Hver er sérþekking viðkomandi?

- **Aðstæður** (e. Situational Context)

Við hvaða aðstæður fara samskiptin fram? Hverjir eru þáttakendur? Hvað sést?

- **Texti** (e. Textual Context or Co-Text)

Hvað hefur verið sagt fram að þessu í samskiptunum?

Orðræðulíkan (e. Discourse Model)

Hver og einn þáttakandi í samskiptum smíðar *orðræðulíkan* sem heldur utan um samhengið og hjálpar þeim við túlkunina. Svona líkan getur t.d. gert fólki kleyft að skilja *anafórir* (e. anaphora), þar sem textinn hreinlega notar benda inn í samhengið (eins "heap pointers" í forritunarmálum) til að stytta málið. Dæmi um þetta eru persónufornöfn og ábendingafornöfn.

Dæmi um anafóru

- "**Jón** kveikti í pípu. **Hann** hugsaði sig um."
Hér er "Jón" svokallaður undanfari (e. antecedent) og "Hann" anafóra (e. anaphor)
Að halda utan um *textasamhengið* hjálpaði til við þessa túlkun.
- "**Þetta** er meiri vitleysan!" (Mælandi stendur við húsagrunn)
Hér er "Þetta" anafóra sem vísar til framkvæmdanna fyrir framan mælandann
Að halda utan um *aðstæðusamhengið* hjálpaði til við þessa túlkun.

Haldið utan um textasamhengi

Í orðræðulíkaninu þarf að vera einhver framsetning á því sem búið er að fjalla um í textanum. Hver slík eining er kölluð *orðræðueining* (e. Discourse Entity).

Orðræðueining

- Orðræðueiningar eru hlutir, hugtök eða hvað það sem texti getur verið um.
- Orðræðueining samsvarar ákveðnum fasta eða yrðingu í þekkingagrunni (t.d. BILL3).
- Vísanir (e. Referring Expressions) í textanum benda svo á þessar einingar.

Vísanir

- Einfaldasta leiðin til að uppfæra orðræðulíkanið okkar er að fylgjast með öllum vísunum í textanum.
- Þegar um er að ræða nýja, eða fyrstu, vísun, þá búum við til nýja orðræðueiningu í líkaninu.
- Seinni vísanir á sömu einingu eru svo tengdar henni.
- Talað er um að allar vísanir á sömu einingu *samvísi* (e. corefer)

Dæmi um vísanir (sjá síðu 378)

Vísun	Orðræðueining	Rökeiginleikar
Susan, she, her	'Susan'	'Susan'
Lyn, she	'Lyn'	'Lyn'
A Ferrari	X	ferrari(X)
A lot of trophies	E	$E \subset \{X, trophy(X)\}$

Vísanir og nafnliðir

- Ef skoðaðir eru eininungis áþreifanlegir hlutir, þá samsvara vísanir öllum nafnliðum textans.
- Þá er lítið mál að búa til orðræðueiningar í líkaninu fyrir hvern nafnlið.
- Vandamálið er þá að tryggja að samvísanir finnist, svo ekki verði til margar einingar fyrir sama áþreifanlega hlutinn.

Að finna samvísun

- Samvísun getur verið augljós útfrá málfræði:
"Ég fékk mér **nýjan** bíl. **Hann** er grár á litinn."
- En rétt lausn vísunar getur líka þurft skilning:
"Bílstjórinn ók jeppanum útaf. Hann missti bílprófið."